

Nd.

468. Breytingartillögur

[177. mál]

við frv. til l. um breyting á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar (SV, VH).

1. Við 1. gr. Síðari málsg. orðist svo:

Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til að breyta í föst lán lausaskuldum bænda, sem ekki hafa fengið nægileg lán til hæfilegs tíma til framkvæmda, sem þeir hafa ráðizt í á bújörðum sínum 1960—1968, svo og lausaskuldum vegna véla- og fóðurkaupa á sama tíma, að háðum árum meðtöldum, og enn fremur til lánveitinga handa fyrirtækjum, er á fyrrnefndu tímabili hafa komið upp vinnslustöðvum fyrir landbúnaðarafurðir, en ekki fengið nægilegt fjármagn til langs tíma til þeirra framkvæmda.

2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Lán samkvæmt lögum þessum skulu veitt gegn veði í bújörðum bænda, ásamt mannvirkjum, sem á jörðunum eru, vélum og vinnslustöðvum landbúnaðarins. Lánstími skal vera allt að 30 ár.

Vaxtakjör skulu ákveðin af stjórn veðdeildarinnar að höfðu samráði við ráðherra, en þó séu vextirnir ekki hærri en 6½ á ári.

3. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

Lán samkvæmt lögum þessum, að viðbættum veðskuldum þeim, sem hvíla á fyrri veðréttum, skal ekki nema hærri fjárhæð en 80% af matsverði veðsins, en matsverðið skal ákveðið af dómkvóddum mönnum á þann hátt, sem tíðkæzt hefur vegna lántöku í veðdeild Búnaðarbankans.

4. Á eftir 4. gr. komi tvær nýjar greinar, er orðist svo:

- a. (5. gr.) Seðlabankinn kaupir bankavaxtabréfin, sem notuð verða til lánveitinga samkv. 1. gr., fyrir nafnverð.

- b. (6. gr.) Heimilt er að veita bændum sérstaka fjárhagsfyrirgreiðslu sakir harðæris eða annarra stóráfalla í búskap, svo og frumbýlingum, er staðið hafa í nauðsynlegum framkvæmdum, en skortir veð samkvæmt 4. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar 3 menn til þess að meta þarfir og fyrirgreiðslu þessa. Skal einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, einn tilnefndur af Stéttarsambandi bænda og einn skipaður án tilnefningar.